

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, miðvikudaginn 17. desember var haldinn 433. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:50.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi, Bjarni Th. Bjarnason Garðabæ, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á Skíðaráði Reykjavíkur.

Guðmundur Guðjónsson og Einar Hrafn Hjálmarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna þakkar fyrir kynningu frá Skíðaráði Reykjavíkur en mikið og gott starf fer fram undir hatti þeirra. Óskar samstarfsnefndin eftir því að unnar verði vinnu- og verklagsreglur til að tryggja betur öryggi almennings og æfingahópa til að koma í veg fyrir blöndun hópanna. Vinnan yrði síðan kynnt fyrir samstarfsnefndinni og mikilvægt að í henni verði unnið með öllum hagaðilum, þar með talið Brettafélag Hafnarfjarðar og skíðadeild Breiðabliks. Samhliða þarf að liggja fyrir kostnaðarmat ef þarf að leggja út í kostnað tengdan öryggismálum.

2. Fram fer kynning á drögum að ofanflóðahættumati fyrir Bláfjöll.

Magni Hreinn Jónsson fagstjóri ofanflóða hjá Veðurstofunni og Jón Gunnar Einarsson sérfræðingur ofanflóðahættumats hjá Veðurstofunni taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Ármann Ragnar Ægisson skíðagæslumaður í Bláfjöllum og Guðmundur Guðjónsson Skíðaráði Reykjavíkur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samstarfsnefnd skíðasvæðanna þakkar fyrir kynningu á drögum að snjóflóðahættumati í Bláfjöllum og Skálafelli. Telur samstarfsnefndin mikilvægt að bregðast við ábendingum sem koma fram í hættumatinu með mótvægisáðgerðum bæði til skemmri og lengri tíma að umsagnatíma liðnum. Þá óskar samstarfsnefndin eftir því við SSH að farið verði í vinnu við að koma til móts við ábendingar og drögin af áhættumatinu verði kynnt eigendavettvangi. Sú vinna verði kynnt fyrir samstarfsnefnd skíðasvæðanna og SSH þegar vinnan tilbúin. Telur samstarfsnefndin mikilvægt að reglugerðin endurspegli betur starfsumhverfi skíðasvæðanna.

- kl. 09:18 vikur Sævar Birgisson af fundi.

3. Rætt um þjónustukönnun um skíðasvæðið í Bláfjöllum, sem fram mun fara í janúar 2026.

Vill samstarfsnefndin þakka fyrir góða vinnu við fyrstu þjónustukönnun skíðasvæðanna eftir að fyrsta áfanga við uppbyggingu í Bláfjöllum er lokið.

Jóhanna Garðarsdóttir deildarstjóri á skrifstofu menningar- og íþróttasviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Forstöðumaður fór yfir stöðuna í fjöllumunum. Stefnt er á opnun fyrir jól.

Fundi slitið kl. 09:55.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Kristín Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Bjarni Th. Bjarnason